

Málsnr.: 2008008

Dalabyggð Málaskrá

18. AGG. 2020

Bréfalykil: 09.03.02

Reykjavík, 12. ágúst, 2020

**Dalabyggð**  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

**Efni: Óskað er eftir stofnun nýrrar jarðar úr landi Sælingsdals, L137739.**

Í tilefni af fyrirhugaðri sölu á hluta af jörðinni Sælingsdal, ásamt húsakosti jarðarinnar, þá óska Ríkiseignir, f.h. landeiganda, Ríkissjóðs Íslands, hér með eftir samþykki Sveitarstjórnar Dalabyggðar, fyrir landskiptum á ríkisjörðinni, Sælingsdal í samræmi við meðfylgjandi hnitsettan uppdrátt, dags. 3. júní 2020, sem sýnir hina nýja jörð, sem fengi nafnið Sælingsdalur 2 og væri 230 hektarar að stærð. Jafnframt er óskað eftir árituðu samþykki Dalabyggðar á uppdráttinn sem eiganda aðliggjandi jarðar, Sælingsdalstungu, L137737.

Allur húsakostur og ræktun fylgdi hinni nýju jörð, en lax- og silungsveiðiréttindi tilheyrðu áfram upprunalandinu að öllu leiti.

Meðfylgjandi er einnig undirritað eyðublað F-550 frá Þjóðskrá Íslands, sem er umsókn um skráningu nýrrar landeignar.

*Ef einhverjar frekari upplýsingar vantar þá skal hafa samband við undirritaðan.*

Virðingarfyllst,

  
Ríkiseignir

f.h. Ríkiseigna: Marvin Ívarsson  
Verkefnastjóri eignaumsýslu lands og jarða  
520-5621 · marvin@rikiseignir.is